

# Aukafundur

*Fimmtudaginn 24. maí 2007 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins Fjarðarvegi 3, Þórshöfn kl. 12:00.*

Mætt voru. Siggeir Stefánsson, Hulda Sigurðardóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson, Jóhanna helgadóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Nanna Höskuldsdóttir og Marinó Jónsson. Einnig sat fundinn Björn G. Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra.

*Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.*

## Dagskrá:

### 1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða:

- Hreppsnefndarfundur, 20.04.07. Lögð fram
- Aukafundur hreppsnefndar, 17.05.07. Lögð fram.
- Byggðaráð, 08.05.07. Lögð fram.

“Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að sveitarfélagið skuli greiða hlut Langanesbyggðar í uppsöfnuðum halla héraðsnefndar Þingeyinga sem áætlaður er um 2.5 milljónir.”

- Fræðslu- og menningarnefnd, 03.05.07. Samþykkt samhljóða
- Umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd, 08.05.07. Samþykkt samhljóða.

“Að forgenginni umfjöllun umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar, varðandi fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps, gerir hreppsnefnd Langanesbyggðar engar athugasemdir varðandi skipulagið.”

“Hreppsnefnd Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að kynna sér Grænfánaverkefnið til frekari upplýsinga.” Samþykkt með 4 atkvæðum, 3 á móti.

Bókun frá Sigurði Ragnari Kristinssyni. “Ég tel rétt að sveitarstjórn kynni sér sjálf Grænfána- verkefnið og komi með beinar tillögur varðandi það, í stað þess að eyða tíma sveitarstjóra í einhver gæluverkefni einstakra sveitarstjórnamanna.”

- Naust, 16.05.07. Lögð fram.

### 2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum:

- Eyþing – stjórnarfundur, 30.04.07. Lögð fram.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, 100. fundur. Lögð fram.
- Lífeyrissjóður Norðurlands, fundargerð ársfundar, 09.03.07. Lögð fram.
- Héraðsnefnd Þingeyinga. Lögð fram.

### 3. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn Guðmundur fór yfir skýrslu sveitarstjóra dagsetta, 18.05.07 og sagði svo frá ýmsum málum á Bakkafirði.

#### 4. Mál. Innsend erindi

*Til afgreiðslu.*

- a) Samband íslenskra sveitarfélaga – Viðbragðsáætlun vegna sorphirðu.
- b) Dansklúbburinn fimir fætur- styrkbeiðni.
- c) Björgunarsveitin hafliði – styrkbeiðni vegna kaupa á nýjum björgunarbíl.
- d) Nýsköpunarkeppni grunskólanna.
- e) Umsókn um leyfi til reksturs gistiheimilis og veitinga að Langanesvegi 12.

*Eftirfarandi bókanir lagðar fram:*

- a) “ Hreppsnefnd Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna að viðbragðsáætlun vegna sorphirðu í sveitarfélaginu.” Samþykkt samhljóða.
- b) “Hreppsnefnd Langanesbyggðar ákveður að verða ekki við þessari beiðni.”
- c) “ Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir erindi um styrk til BSV hafliða vegna bílakaupa. Upphæðin verður ákveðin samhliða endurskoðun fjárhagsáætlunar.” Samþykkt samhljóða. Við afgreiðslu málsins viku siggeir og Jóhannes af fundi.
- d) “ Hreppsnefnd langanesbyggðar vísar málinu til fræðslu- og menningarnefndar til umsagnar.” Samþykkt samhljóða.
- e) “ Hreppsnefnd langanesbyggðar mælir með að leyfi verði veitt til reksturs gistiheimilis og veitinga að langanesvegi 12, Þórshöfn.” Samþykkt samhljóða.

*Til kynningar.*

- Landsfundur jafnréttisnefnda sveitafélaga 2007.
- Ársreikningur 2006 – síðari umræða.

“ Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir samhljóða ársreikning Langanesbyggðar A og B hluta, vegna rekstrarársins 2006.” Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða. Fundi slitið kl. 14:35.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.